



Garðabær, 5. desember 2016

Bæjarráð Garðabæjar.
b.t. Gunnars Einarssonar bæjarstjóra
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Áramótabrenna í Garðabæ 2016

Ágæta bæjarráð.

UMF Stjarnan óskar með bréfi þessu eftir að halda áramótabrennuna í Garðabæ.

Undanfarin 22 ár hefur Knattspyrnudeild Stjörnunnar séð um áramótabrennu í Garðabæ og hefur það verkefni tekist vel.

Óskað er eftir að brennan verði með sama sniði og árið 2015. Ef bærinn hefur hugsað sér einhverjar breytingar á staðsetningu þá er sjálfsagt að forsvarsmenn Stjörnunnar í þessu máli hitti þá aðila hjá bænum sem kæmu að þeirri ákvörðun.

Einnig viljum við vekja sérstaka athygli á að deildin hefur nú séð um brennu bæjarins í 22 ár, eða síðan 1994 og hefur framlag Garðabæjar til félagsins vegna verkefnisins verið óbreytt að krónutölu allan þann tíma, en einnig hafa auknar kröfur um hreinleika brennuefnis torveldað söfnun og aukið kostnað. Eru það vinsamleg tilmæli deildarinnar að þessi kostnaðarliður í fjárhagsáætlun bæjarins verði tekinn til endurskoðunar.

Virðingarfyllst,

f.h. UMF Stjörnunnar

Ása Inga Þorsteinsdóttir, framkv.stjóri